

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	1.11.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurá Stekkjarvík	<b>Eftirlitsmaður</b>	Frigg Thorlacius
<b>Heimili</b>	Skagfirðingabraut 17	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	5602060620	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Fannar Viggósson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Magnús B. Jónsson	<b>Staðsetning</b>	441620,709 580284,876

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins. Úrbætur vegna útstandandi fráviks um söfnun hauggass voru staðfestar. Þrjú ný frávik frá starfsleyfi voru skráð í eftirlitinu og tvær ábendingar gerð við starfsemina.

## UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi

- Umfrang starfseminnar sbr. grein 1.2 og 4.1
- Samráðsfundur skv. grein 1.10
- Hreinsivirki fyrir sigvatn og eftirlitsmælingar sbr. grein 3.4
- Þvottaáðstaða flutningsbíla og olíugeymir sbr. grein 3.5
- Síðasta eftirlitsskýrsla

1. Magn úrgangs sem tekið er á móti fer vaxandi á milli ára og er viðbúið að farið verði framyfir leyfilegt magn á árinu að óbreyttu. Rekstraraðili hefur sent matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna þessa (dags. 15. október sl.) og undirbýr umsókn um að stækkun urðunarstaðarins. Sjö sendingar af asbest hafa borist á urðunarstaðinn. Asbest er urðað með öðrum úrgangi en sérstökum verklagsreglum er fylgt við urðunina. Nokkuð er um að farmar innihaldi járn, dekk og raftæki sem rekstraraðili flokkar frá og sendir til viðeigandi móttökustöðvar. Olímengaður úrgangur er látinn standa og svo notaður í yfirlag. Frárennsli af móttökusvæðinu fyrir olímengaða úrganginn sígur í gegnum úrgangshauginn og sameinast sigvatninu. Úrgangur sem inniheldur gifs hefur verið urðaður með öðrum úrgangi.

2. Rekstraraðila ber að boða Umhverfisstofnun og Heilbrigðisnefnd á samráðsfund þar sem að farið er yfir rekstur urðunarstaðarins, endurskoðun áætlana um eftirlitsmælingar, hugsanlegar breytingar á starfsleyfinu og önnur atriði sem kunna að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að ræða. Þar sem að heilbrigðisfulltrúi hefur komið með í eftirlitsferðir töldu rekstraraðili og heilbrigðisnefndarfulltrúi að þær væru ígildi samráðsfundar.

3. Hreinsivirki fyrir sigvatn var hreinsað 28. ágúst sl. Mælingar eru teknar mánaðarlega í mælibrunni neðan við hreinsivirki en þaðan fer frárennsli í gegnum setubeð til sjávar. Um 3,5 m djúpur mælibrunnur var settur neðan við setubeðið en ekkert vatn hefur komið í hann. Niðurstöður mælinga á sigvatni, yfirborðsvatni og sjávarseti voru afhentar í eftirlitinu.

4. Bílar eru ekki þvegnir á urðunarstaðnum en þvottaáðstaða er til staðar sem tengd er við olíuskilju.

5. Teknar voru út úrbætur vegna útstandandi fráviks er varðar söfnun á hauggasi. Kyndill til brennslu hauggass var settur upp 24. október sl. Hauggasi er safnað úr sex holum og er hægt að fylgjast með þrýstingi og samsetningu hauggass í miðlægu tölvukerfi í rauntíma.

Athugasemd var gerð í síðasta eftirliti er varðar staðsetningu á sýnatökubrunni. Ekki hefur tekist að ná mælingu eftir setubeð sbr. umfjöllun í 3. tölulið hér að ofan. Rætt var um gjaldtöku og aðrar mögulegar leiðir til að sporna gegn því að úrgangur sem óheimilt er að urða berist inn á urðunarstaðinn. Tvö tilvik um sjálfsíkveikju á urðunarstaðnum voru tilkynnt til Umhverfisstofnunar, 17. og 19. september. Mjög þurrt og vindasamt var á þessum tíma og varð sjálfsíkveikjan í vírum á dýnum sem voru neðst í timburhaug. Verið er að vinna niður þennan timburhaug og nota efnið í yfirborðslag og til blöndunar við sláturúrgang í sláturúrgangshólfinu. Vel gekk að vinna að niðurlögum eldanna. Unnið er að uppsetningu á úðunarkerfi til að vökva timburhaug og auðvelda slökkvistarf við sjálfsíkveikjur sem þessar en vandkvæði er háð hvað svæðið er þurrt. Tveimur 25.000 L tönkum hefur verið komið niður sunnan við urðunarhólflið og áætlað er að koma tveimur til viðbótar fyrir norðan megin.

6. Í skoðunarferðinni var farið um urðunarstaðinn, framkvæmdasvæði við forðatanka fyrir slökkvivatn (vökvunarkerfi), mælibrunn sigvatns, viðtaka (fjöruborð neðan við urðunarstað) og gasstöfnunarstöð. Lítilsháttar froða var í mælibrunni fyrir sigvatn en annars ekki sjáanleg mengun í fjöruborðinu og óveruleg í yfirborðslæk. Verið var að flokka efni sem ekki voru tæk til urðunar úr farni ofan við urðunarhólflið. Um var að ræða ísskápa, raftæki og tölvur.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Grein 1.2 í starfsleyfi

Í eftirlitinu sáust gömul ónothæf vinnutæki og bifreiðar á urðunarstaðnum. Samkvæmt starfsleyfinu er óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum.

Grein 1.2 í starfsleyfi og 54. grein í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Spilliefni og raftæki skulu ávallt varin fyrir regni til að lágmarka mengunarhættu. Ísskápar, raftæki og rafgeymir sáust utanddyra á urðunarstaðnum þegar eftirlitið fór fram.

Grein 1.2

Verkstæði innan lóðar urðunarstaðarins er ekki með starfsleyfi Heilbrigðisnefndar og fellur ekki innan umfang starfseminnar sem skilgreind er í starfsleyfi urðunarstaðarins. Starfsemin er starfsleyfisskyld skv. tölulið 1.6 í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðila er bent á að sækja um breytingu á nügildandi starfsleyfi eða sækja um starfsleyfi fyrir verkstæðið til Heilbrigðisnefndar Norðurlands Vestra.

#### **ÁBENDINGAR**

Rekstraraðili hefur leitað leiða við að ná mælingu á sigvatni neðan við setubeð. Ekkert vatn kemur í mælibrunn sem settur var niður í 3,5 m dýpi neðan við setubeðið. Mælingar eru gerðar í sigvatni ofan við setubeðið.

Í eftirlitinu var óskað eftir að vatnssýni yrðu tekin úr læknum sem rennur frá urðunarstaðnum en slík sýni hafa ekki verið tekin hingað til. Efnagreina skal sýnin í samræmi við mælikröfur á yfirborðsvatni í starfsleyfinu.

## ANNAÐ

Sigríður Hjaltadóttir var viðstödd eftirlitið fyrir hönd Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.12.2018

  
Halla Einarsdóttir



